



Reykjavík 14. september 2022

2204114

0.44

Vísað er til erindis þíns frá 8. apríl 2022 út af tilgreindum ummælum sem Sigurður Ingi Jóhannsson, alþingismaður og ráðherra, hafi látið falla „í kvöldverðarboði Framsóknarflokksins fyrir fulltrúa á Búnaðarþingi“ 31. mars sl. Beindust ummælin að Vigdís Häsler framkvæmdastjóra Bændasamtakanna (erindið var móttekið 8. apríl 2022, en er dagsett 8. apríl 2021). Er því haldið fram að þau hafi ekki verið í samræmi við meginreglu c-liðar 5. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 7. gr. reglnanna um hátternisskyldu þingmansins.

Með bréfi forseta Alþingis 7. júní sl. var SIJ gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og upplýsingum um málið. Með tölvupósti, 13. júní sl. upplýsti SIJ að hann mundi „ekki bregðast frekar við.“

Samkvæmt 2. mgr. 88. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis fjallar forsætisnefnd um mál er varða siðareglur alþingismanna, framkvæmd þeirra og brot á þeim.

Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn ber forsætisnefnd í upphafi að leggja mat á hvort erindi uppfylli skilyrði siðareglanna. Reynir þá á í fyrsta lagi, hvort reglunum verði beitt um alþingismenn sem jafnframt gegna embætti ráðherra, en um störf þeirra gilda siðareglur ráðherra nr. 646/2022. Ekki er í siðareglum fyrir alþingismenn fjallað um gildissvið þeirra gagnvart siðareglum fyrir ráðherra og öfugt. Ljóst er að baki siðareglum ráðherra og siðareglum fyrir alþingismenn býr ólíkur tilgangur. Á meðan síðarnefndum reglum er ætlað að efla gagnsæi í störfum alþingismanna og ábyrgðarskyldu þeirra, svo og tiltrú og traust almennings á Alþingi er siðareglum ráðherra ætlað að taka til starfa þeirra sem ædstu handhafa ríkisvalds. Í þessu ljósi, og við hvaða kringumstæður meint hátterni

Birgir Ármannsson
forseti Alþingis

átti sér stað, verður erindi þínu ekki vísað frá á þeim grundvelli að það eigi ekki undir siðareglur fyrir alþingismenn.

Í öðru lagi gera siðareglur fyrir alþingismenn ekki þá kröfu að sá sem leggur fram erindi tengist máli eða að háttarni þingmanns hafi bitnað á honum. Á hinn bóginn getur slíkt þó haft þýðingu að virtu heildarmati á málavöxtum eins og þeir verða leiddir í ljós. Er hér þá haft í huga álit ráðgefandi siðanefndar frá 24. apríl 2019 í máli nr. 1/2019 og forsætisnefnd byggði á í máli Ágúst Ólafs Ágústssonar¹. Í því máli reyndi m.a. á hvor háttarni ÁÓÁ, er varðaði kynferðislega áreitni gagnvart konu, sbr. c-lið 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, félli undir opinbera framgöngu hans sem þjóðkjörins fulltrúa. Meðal þess sem siðanefndin vísaði til í áliti sínu var, *að ekki yrði fram hjá því litið að sá aðili sem háttarni bitnaði á hefði ekki leitað til forsætisnefndar vegna meints brots á siðareglum*. Það var mat siðanefndarinnar að slík staðreynd gæti, eins og horfði við í málinu, skipt meira máli en hvort mál félli undir siðareglur fyrir alþingismenn, þar sem afla þyrfti upplýsinga frá þeim sem ekki hefði óskað eftir afskiptum forsætisnefndar af því. Niðurstaða forsætisnefndar var sú, að eftir heildstætt mat á málsatvikum, að erindið gæfi ekki tilefni til frekari athugunar. Var þá einkum höfð hliðsjón af 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Forsætisnefnd hafa ekki borist aðrar upplýsingar um málavexti en komið hafa fram í fjölmiðlum. Kemur þar fram að SIJ hafi beðist afsökunar á ummælum sínum án þess þó að vilja lýsa þeim nánar eða endurtaka. Þá hefur sá aðili sem ummælin vörðuðu lýst því að hún hafi átt fund með SIJ þar sem hann hafi borið fram „einlæga afsökunarbeiðni“ sem hún hafi meðtekið (sjá RÚV 8. apríl 2022: *Vigdís tekur afsökunarbeiðni Sigurðar Inga*). Verður ekki séð að ágreiningur sé um þessa málavexti. Þegar þetta er virt og með hliðsjón af niðurstöðu forsætisnefndar í máli ÁÓÁ, er það mat forsætisnefndar að erindi þitt, gefi ekki tilefni til frekari umfjöllunar og að vísa beri því frá, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Ljósrit:

Sigurður Ingi Jóhannsson, Syðra-Langholti 4, 846 Flúðum.

¹ <https://www.althingi.is/tilkynningar/afgreidsla-forsaetisnefndar-a-erindi-um-meint-brot-agusts-olafs-agustssonar-a-sidareglum-fyrir-althingismenn>.

Birgir Ármannsson
forseti Alþingis